

L Ö G

um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi
vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „22%“ í 1. mgr. 4. gr. laganna komi: 16%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Nr. 9.

19. marz 1971.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958
fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 10. marz 1971 á tillögu menntamálaráðherra um eftir-
farandi breyting á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, sbr. aug-
lýsingu nr. 81/1970, um breyting á þeirri reglugerð:

1. gr.

Í lok 4. mgr. 49. gr. a I komi svofellt ákvæði: „Standist stúdent ekki próf, er
honum eigi heimilt að þreyta það sérstaklega að nýju, en heimilt skal honum að
ganga undir 1. hluta próf.“

2. gr.

Í stað svo hljóðandi ákvæðis í 49. gr. b VI. Próf: „Þá skal og halda áfangapróf
í 1. og 2. hluta,“ komi: „Í maí—júní skal halda próf, sem eru hluti prófs 1. eða 2.
hluta.“

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 19. marz 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Arni Gunnarsson.